

Eyrarvellir

(ungið við lagið „afi minn og amma mín“)

Í leikskóla er lífið gott

ljúft í hópinn föllum

hér er fallegt hér er flott

á fínum Eyrarvöllum

Elskum bæði fjör og frið

fögnum vinum öllum

Best á lífið lærum við

í leik á Eyrarvöllum

Alla daga endum í

ævintýrum snjöllum

Hugur frjáls og hetjan ný

hér á Eyrarvöllum

Dveljum sátt við sjávarnið

sól í glæstum fjöllum

glöð í hjarta höldum við

heim frá Eyrarvöllum